



## Reglur Hvalfjarðarsveitar um heimagreiðslu til foreldra.

### Skilgreiningar

1.gr.

Allir foreldrar og forráðamenn barna geta sótt um heimagreiðslur frá lokum fæðingarorlofs þar til barn hefur leikskólavist eða þegar barn nær 18. mánaða aldri.

Hámarksupphæð heimagreiðslu er kr. 35.000.- á mánuði fyrir hvert barn. Heimagreiðslum er ætlað að brúa það tímabil sem ekki fæst vistun fyrir barn í leikskóla.

Upphæðin skal endurskoða í desember ár hvert.

Umönnunargreiðslur til foreldra eru skattfrjálsar en framtalsskyldar.

### Skilyrði

2.gr.

Heimagreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Hvalfjarðarsveit.

Einstæðir foreldrar eiga rétt á heimagreiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri en foreldrar í hjúskap eða sambúð þegar barn nær 9 mánaða aldri.

Heimagreiðsla fellur niður þegar barn hefur dvöl í leikskóla eða þegar barn hefur náð 18. mánaða aldri.

Foreldrar sem nota daggæslu hjá dagforeldri á þessu tímabili geta nýtt heimagreiðsluna sem niðurgreiðslu hjá dagforeldri.

### Afgreiðsla

3.gr.

Sækja þarf um heimagreiðslu á sérstöku umsóknareyðublaði. Hægt er að sækja um rafrænt á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar [hvalfjordur.is](http://hvalfjordur.is). Móttaka umsókna og afgreiðsla er hjá skrifstofu sveitarfélagsins.

Réttur til heimagreiðslu skapast í þeim mánuði sem sótt er um heimagreiðslu, ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.

Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar til að geta komið til útborgunar um mánaðarmótin þar á eftir. Heimagreiddslur eru eftirágreiddar fyrir einn mánuð í senn.

Útborgun heimagreiddslu er þriðja (3.) virka dag hvers mánaðar.

### **Viðurlög**

4.gr.

Verði um ofgreiddslu að ræða á heimagreiddslum áskilur sveitarstjórn sér rétt til endurgreiddslu. Sé ofgreiddsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimagreiddslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

*Reglurnar voru yfirfarnar og samþykktar í sveitarstjórn  
Hvalfjarðarsveitar 24.mái 2016*